

## AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968,  
skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fengnum yfirlýsingum um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarendi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Danmerkur og Hollands.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. nóvember 1971.*

**Magnús Kjartansson.**

**Jóhannes Guðfinnsson.**

19. nóvember 1971.

Nr. 234.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Jón Gunnlaugsson og Guðlaugu Gunnlaugsdóttur frá Bræðraparti á Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. nóvember 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Jón Gunnlaugsson og Guðlaugu Gunnlaugsdóttur  
frá Bræðraparti á Akranesi.

### 1. gr.

Nafn sjóðsins er: Minningarsjóður Jóns Gunnlaugssonar og Guðlaugar Gunnlaugsdóttur.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins lagt fram af börnum þeirra: Ingunni M. Jónsdóttur Freeberg, Jóni Kr. Jónssyni og Ólafi Jónssyni, sem teljast stofnendur sjóðsins, er landareignin Bræðrapartur á Akranesi með öllum gögnum og gæðum, að undanskildu íbúðarhúsinu Bræðrapartur og lóð umhverfis það, sem áður hefur verið selt og afsalað. Með landareigninni fylgja allir leigusamningar, sem nú eru í gildi.

Heimilisfang sjóðsins er Akranes.

### 3. gr.

Tilgangur minningarsjóðsins er, að stuðla að því að komið verði á fót og starfræktur á Akranesi, fiskiðnaðarskóli er hafi það hlutverk að annast kennslu í meðferð og vinnslu sjávarafurða og öðru því er að sjávarútvegi lýtur.

Enn fremur að styrkja efnilega nemendur til náms og framhaldsnáms í nefndum fræðum.

### 4. gr.

Umsókn um styrk úr minningarsjóðnum skal vera skrifleg og send stjórn sjóðsins. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um aldur og efnahag umsækjanda, til hvers á að nota styrkinn og annað sem stjórn minningarsjóðsins telur nauðsynlegt.

## 5. gr.

Höfuðstólinn eins og hann er á hverjum tíma má aldrei skerða.

Allur kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

Heimilt er að hefja styrkveitingar þegar ákveðið hefur verið að reisa skóla þann er um ræðir í 3. gr., eða þegar meiri hluti sjóðstjórnar ákveður.

Úthluta má allt að 80% af hreinum tekjum sjóðsins árlega. Því, sem ekki er úthlutað, skal leggja við höfuðstólinn.

## 6. gr.

Eignir sjóðsins eru stofnfé hans og þær gjafir og framlög, sem honum kunna síðar að berast frá einstaklingum eða fyrirtækjum.

Sjóðstjórnin skal varðveita eignir minningarsjóðsins. Laust fé skal hún ávaxta í ríkistryggðum bréfum eða ríkistryggðum bankastofnunum eða með öðrum hætti, sem sjóðstjórnin er sammála um að telja jafn öruggan.

Sjóðstjórnin hefur heimild að selja af fasteignum sjóðsins, en andvirði hins selda má ekki skerða.

## 7. gr.

Stjórn minningarsjóðsins skipa 5 menn og 5 til vara. 3 tilnefndir af stofnendum sjóðsins eða af nánustu afkomendum þeirra á hverjum tíma og gildir tilnefning þeirra ævilangt, forseti bæjarstjórnar Akranesskaupstaðar og sóknarprestur Akraness.

Aðalmenn tilnefna varamenn hver fyrir sig, sem tekur þátt í stjórnarstörfum í forföllum aðalmanns. Þá geta stjórnarmenn, til tilnefndir eru af stofnendum sjóðsins, ákveðið á hverjum tíma hver af þeirra varamönnum mætir, (eða hverjir, ef fleiri en 1 þeirra eru forfallaðir.)

Stjórnin skiptir með sér verkum.

Fram til þess tíma, að farið verður að úthluta styrkjum úr minningarsjóðnum, fá stjórnarmenn enga þóknun fyrir störf sín. En eftir að úthlutun hefst, hafa stjórnarmenn rétt til vægrar þóknunar, sem þarf þá samþykki dómsmálaráðuneytisins.

Sjóðstjórnin bókar alla fundi í sérstaka fundargerðabók, og skráir þar allar ákvarðanir, sem teknar eru varðandi minningarsjóðinn og hagsmunir hans.

Í fundargerð skal færa skrá yfir allar úthlutanir úr minningarsjóðnum og nöfn þeirra, er styrks verða aðnjótandi.

Ályktanir sjóðstjórnar eru gildar og bindandi fyrir minningarsjóðinn, ef meiri hluti sjóðstjórnar er sammála um þær.

## 8. gr.

Reikningsár minningarsjóðsins er almanaksárið. Gjaldkeri sér um reikningshald, innheimtir tekjur sjóðsins og sér um allar greiðslur. Gengið skal frá ársreikningum innan tveggja mánaða frá lokum reikningsárs. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir færðir inn í fundargerðabókina.

## 9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, ef þörf krefur vegna breyttra tíma og aðstæðna, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna.

Nafni sjóðsins, tilgangi, skv. 3. gr. og ráðstöfun skv. 10. gr. má þó aldrei breyta.

## 10. gr.

Verði ekki í náinni framtíð stofnaður skóli, sá, er um ræðir í 3. gr. en sjóðstjórnin er öll sammála um að leggja sjóðinn niður, skulu eignir hans renna til deildar Slysavarnafélags Íslands á Akranesi. Hafi deildin á Akranesi verið lögð niður, skulu eignirnar renna til Slysavarnafélags Íslands.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.